

Ný bók frá Stafafelli:

Grónar götur eftir Hamsun

BÓKAÚTGÁFAN Stafafell er um þessar mundir að gefa út bókina Grónar götur eftir Knut Hamsun í íslenskri þýðingu Skúla Bjarkans. Fjallar höfundur þar um handtöku sína, dvöl á geðveikrahæli og

úrskurð sérfræðinga, sem sögðu hann hafa skertar sálargáfur, en bókina skrifaði hann eftir að úrskurður þessi lá fyrir.

Magnús Brynjólfsson hjá Stafafelli tjáði Mbl. að Knut Hamsun hefði ritað bókina á nírhálsaldri árið 1949 og væri hún um dvöl hans á geðveikrahæli svo sem fyrr er sagt og lýsti hann þar hvernig visindum höfðu úrskurðað hann með skertar sálargáfur og er fjallað um prófessorinn sem hafði með hann að gera meðan á vist hans á hælínu stóð. Magnús sagði að bókautgáfa sín hefði jafnan reynt að gefa út bækur eftir



Knut Hamsun

þekktu höfunda, en áður hafa komið út t.d. Bókin um veginn, Lilja o.fl. Þá gefur útgáfan út í ár tvær barnabækur, en bók Knut Hamsuns er nú í bókbandi og kemur á markað á næstunni.



AUGLÝSINGASTOFA
MYNDAMÓTA
Adalstræti 6 sími 25810



- ★Bandídó niður mjóar gallabuxur ★Bandídó Flannel buxur með klauf ef óskað er
- ★Bandídó „Dún watte“ jakkar ★Bandídó barnabuxur ★Bandídó skyrtur
- ★Wrangler „smíð“ buxur ★Wrangler skyrtur ★Wrangler flauelís buxur
- ★Wrangler barna buxur ★Alls konar nýr haust/fatnaður

BOYANZA

Laugavegi 20. Sími frá skiptiborði 85055.

Brezhnev gefur línuna

KREMLVERJAR hafa greinilega ákveðið að nota 30 ára afmæli kommúnistastjórnarinnar í Austur-Þýskalandi til hins itrasta í áróðursskyni. Stórritar yfirlýsingar Brezhnevs um friðarvilja Sovétmanna og fylgirikja þeirra eiga bæði að slæva árvekni Vesturlandabúa og draga athyglina frá jafn óþægilegum staðreyndum og þeirri, að frá stríðslokum hafa 3 milljónir manna að minnsta kosti flúið „sælu“ kommúnismans í austur-Þýskalandi.

Í hátíðarræðu sinni boðaði Brezhnev, að Sovétmenn mundu fækka um 20 þúsund hermenn í liði sínu í Austur-Þýskalandi og flytja þaðan um 1000 skriðdreka. Í sovétska hernum í Austur-Þýskalandi eru 400 þúsund hermenn og 7000 skriðdrekar en margir þeirra eru orðnir úreltir. Þegar metið er gildi þessa boðaða samdráttar, má ekki gleymast, að í Mið-Evrópu hafa Varsjárbandalagslöndin 127 herdeildir undir vopnum en Atlantshafsbandalagslöndin aðeins 47. Skriðdrekar kommúnista eru alls 20 þúsund en Vesturlanda 7000 og herflugvélnar eru 12350 fyrir austan en 4300 fyrir vestan. Til þess að draga úr þessu gífurlega ójafnvægi í venjulegum vopnabúnaði hefur Atlantshafsbandalagið komið fyrir um 7000 kjarnasprengjum í Vestur-Þýskalandi, sem beitt yrði á vígvellinum í Mið-Evrópu.

Viðræðurnar sem fram hafa farið í

Vínarborg síðan 1973 milli Varsjárbandalagsins og Atlantshafsbandalagsins um jafnan og gagnkvæman samdrátt herafila í Mið-Evrópu (MBFR), sýna, að menn telja, að með ofangreindum viðbúnaði hafi skapast forsendur fyrir samdrætti herafilans. Hitt er annað mál, að Sovétmenn hafa tekið í notkun ný ógnarvopn, sem ekki hafa verið til umræðu í Vínarborg og raska allri myndinni. Þetta er annars vegar SS-20 eldflaugin og hins vegar Backfiresprengjupotan, en bæði þessi vígtæki flytja kjarnorkusprengjur og teljast því ekki til „venjulegra“ vopna eins og þau eru skilgreind. Takmörkun á þessum vopnum mundi verða innan ramma Salt-3 samnings verði hann einhvern tíma gerður. En í Salt-2 viðræðunum lofuðu Sovétmenn Bandaríkjamönnum, að þeir myndu ekki beita Backfire-þotunni gegn Bandaríkjamönnum. Hún er því aðeins ætluð til árása á næstu nágrenna Sovétríkjanna svo sem í Vestur-Evrópu og Kína.

SS-20 er svokölluð meðaldræg eldflaug, henni verður ekki skotið milli heimsálfa hins vegar nær hún til skotmarka í Vestur-Evrópu frá skotpöllum austan járntrjaldsins. Eldflaugin er búin þremur kjarnaheðslum. Hún er handhæg í meðförum, því að henni má koma fyrir á flutningavögnum, járnbrautavögnum og bryndrekum. Þess vegna er erfitt að finna hana og granda henni.

Sýnir 220 litljósmyndir á Kjarvalsstöðum

REYKVIKINGUM stendur ekki ýkja oft til boða að skoða listrænar ljósmyndasýningar, en nú í kvöld opnar Rafn Hafnfjörð sýningu að Kjarvalsstöðum á um 220 litljósmyndum er hann hefur tekið á síðustu árum.


Hjálmar R. Bárðarson segir í sýningarskrá að fyrir 30-40 árum hafi það verið rætt í ljósmyndatimaritum hvort ljósmyndun væri list eða ekki og síðar segir hann að ljósmyndun hafi fyrir löngu aflað sér þann sess að víðurkennt er að með aðferðum ljósmyndunarinnar einnar getur hún verið myndrænt tjáningarform, sjálfstæð og óháð öðrum aðferðum. Nefna má einnig að í nýlegri grein í Time er fjallað um hvernig verð á ljósmyndum hefur rakið upp allra síðustu árin og að verslanir með ljósmyndir hafi fyrir 5 árum aðeins verið 12 í Bandaríkjunum, en séu nú að minnsta kosti 125.

Um sýningu sína segir Rafn Hafnfjörð svo í aðfaraorðum sýningarskrárinnar: Þessi sýning er framar öllu viðleitni til að opna augu landa minna fyrir mikilvægi ljósmyndalistarinnar og reyndar allrar myndlistar. Sá sem er ólæs á myndir er einnig

skemmtilegar litasamsetningar í gróðri, vatni, is og yfirleitt hverju sem er. Sýningin er sem fyrr segir að Kjarvalsstöðum og verður hún sett þannig upp að með t.d. einni yfirlitsmynd fylgja margar smærri myndir frá nálægu umhverfi og sýna það smáa, svo sem fyrr var nefnt.

Hörður Ágústsson listmálari ritir einnig í sýningarskrána og segir þar m.a. að Rafn hafi ásamt félögum sínum sýnt í Bogasal árið 1961 og hafi þar verið brotið upp á nýjum möguleikum ljósmyndalistarinnar með eftirminnilegum hætti. Síðan segir Hörður:

Ög nú kemur Rafn með fangið fullt af myndum eftir langa fjarvist, eins konar óð til Íslands í lit, ljósi og formi. Ég sagði lit, því fram að þessu hefur hann tjáð okkur geðhrif sín og sjón á blæbrigðaskala milli svarts og hvíts. Skiljanlegt er að einhvern tíma hafi það tekið hann að ná fullu



Rafn Hafnfjörð hengir upp eina af myndum sínum, en sýning hans að Kjarvalsstöðum verður opnuð í kvöld.

Ljós. Kristján.

ólæs á hið mikilfenglega land okkar og þá um leið allt umhverfið.

Rafn Hafnfjörð segist hafa tekið ljósmyndir allt frá fermingu er hann fékk sína fyrstu myndavél og síðan hafi áhuginn vaxið með árunum. Elstu myndirnar á sýningunni eru teknar fyrir 25 árum. Langflestar eru þær úr náttúrunni, en einnig nokkrar portretmyndir. Landslagsmyndir Rafns eru ekki venjulegar yfirlitsmyndir frá hinum ýmsu stöðum, heldur segist hann leitast við að sýna margt af því smáa, sem finna má í náttúru landsins, fallegar og

túlkunarvaldi á því undri sem liturinn er. Því meiri gleði er það að sjá hversu sterkum tókum hann hefur náð á hinum nýja miðli og felld hann að fyrri reynslu. Rafn var einu sinni að því spurður hvaða kröfur hann gerði til góðs ljósmyndara: „Í fyrsta lagi þarf hann að þekkja frumform myndlistar, í öðru lagi að kunna svo vel á myndavélina að hún verði eins og framhald af huga hans og höndum, — og í þriðja lagi þarf hann að vera skáld.“ Á sýningu Rafns nú sést hvernig hann stenst þessar hörðu kröfur.